

VITINN

ÚTG. FRÉTTABUI SIMI: 4871429 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

† Innilæga þökkum við auðsýnda samúð vagna andláts og jarðarfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu, **Guðrúnar Ólafsdóttur** á Kirkjubæjarklaustri.

Lárus Valdimarsson, Sólrun Ólafsdóttir, Einar Ólafur Valdimarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Elín Anna Valdimarsdóttir, Haukur Valdimarsson, Hrefna Sigurðardóttir, Trausti Valdimarsson, Gréta Fr. Guttormsdóttir, barnabörn og barnabarnabörn.

I síðasta Vita féll niður nöfn sendanda myndanna, þ.e. myndin af Minningarsteininum um Pál Simon Kristjánsson, kom frá Sólveigu Davíðsdóttur og myndin af Einari á Völlum og börnum með honum kom frá Halldóru Gylfadóttur

Eg veit ekki hvort þú hefur, huga þinn við það fest. Að fegursta gjöf sem þú gefur, er gjöfin sem varla sést.

Ástúð í andartaki, augað sem glælegt hlær, hlýja í handartaki hjarta sem örur slær.

Allt sem þú hugsar í hljóði heiminum breytir til. Gef þú úr sálarsjóði, sakleysi fegurð og yl.

Höf: Úlfur Ragnarsson

Til sölu

HONDA CRV ADVANCE árg. 2003, ekinn 129 þús. Sjálfskipting, fjórhjóladrif, leðurklædd sæti, cruise control, fjarhitari ofl. Verð 1790 þús.

Nánari upplýsingar gefur Siggi Gunn í síma 868-3287

SMÁAUGLÝSINGAR

KJARVAL

Godá lambalifur, lambahjörtu og lambaníru

Verð frá: **298** kr./kg

Hagkerami í heimabyggð

Búrfells hrossabúgu og kindabúgu, sodin, 400 g

198 kr./pk.

SS saltköt 20% afsláttur

1499 kr./kg verð áður 1878

Allra samlokubrauð

159 kr./pk.

Heimilsgjurt, 1 l

199 kr./stk.

Egls bykni

verð frá: **569** kr./stk.

Gular melónur

198 kr./kg

AXA hafrafrjógrjón, 1 l

398 kr./pk.

Burger hrökkbrauð, 4 tegundir

249 kr./pk.

AGNÓTTA Klaccan Sími 487 4818 | Vn. Sími 487 1325 | Hvortvötn Sími 585 7500 | Þorsklósti Sími 585 7505 | Netfr. Sími 585-7505

S.JÁ OPNUNARTÍMA Á WWW.KJARVAL.IS

35. TBL. 14. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 1. SEPTEMBER 2010

Snyrtistofan í Vík

Snyrtistofan verður lokuð frá 1. - 8. september

OPNUNARTÍMI SNYRTISTOFUNNAR

Miðvikudagar	11 ^{oo} -14 ^{oo}
Fimmtudagar	13 ^{oo} -21 ^{oo}
Föstudagar	11 ^{oo} -16 ^{oo}




Tímappantanir í síma 868 3642

Samkór Mýrdælinga

er að hefja vetrarstarfið að nýju og verður fyrsta æfingin miðvikudaginn 1. sept. í Víkurkirkju.

Nýjir kórfélagar eru alltaf velkomnir.

Bestu kveðjur stjórnin.



Haustfundur

Fyrsti fundur í vetrarstarfi Kvenfélags Hvamshrepps verður haldinn á Halldórskafti þriðjud. 7. september n.k. kl. 19.00.

Eftir fundinn njótum við veitinga á staðnum og eflum starfsandann.

Vonandi eiga sem flestar heimangengt þetta kvöld.

Nýir félagar sérstaklega velkomnir.

F.h. stjórnar
Naní, Sigga Dóra, og Málfríður

Sápuóperan

Þau hjón, Svanfríður Hagvaag og Bjarni Pálsson, framleiða á heimili sínu, Velli í Rangárþingi eystra, heimgerðar sápur og þvottalög.

Aðspurð um fyrirtækið sagði Svanfríður: "Ég hef alla tíð haft áhuga á gömlu handverki. Ég fór á internetið og leitaði mér allra fánlegra upplýsinga um svona framleiðslu og það bar þann árangur að nú framleiðum við heima hjá okkur umhverissvæna og vottaðar handsápur og þvottalög".

Fyrirtæki sitt nefna þau Sápuóperuna. Bjarma nefna þau þvottalöginn á umbúðum en á umbúðum Bjarma segir:

Umhverfissvænn Þvottalögur

BJARMI 2,5 L

Bjarmi er alnota þvottalögur sem hægt er að nota til allra mögulegra þrifa. Óblandaður hentar Bjarmi vel á erfiða bletti og erfiða fitu. Má blanda allt að 1:6. Einnig er hægt að nota Bjarma í uppþvottavélar og þvottavélar. Þegar þrifum er lokið þarf að skola vandlega með neyslvatni alla fleti sem komist geta í snertingu við matvæli, sýrustig (ph) 8,8
Innihald: Vatn, sápa af rejuolíu. Tea Tree olía, Niaouli olía.

Síminn hjá Sápuóperuni er 487-7873



Volare

Tilboðsvara hjá Volare í september
á 20% afslætti.



Nr. 646 150 ml.

Nuddkerti

Hitinn frá kveiknum bræðir nudd butterinn þannig að auðvelt er að nota hann. Öflug samsetning sem nærir og gefur húðinni raka. Auðvelt að skola af. Náttúrulegur ilmur og aukin vellíðan.

Fullt verð kr. 3.150 **Tilboðsverð kr. 2.520**

Á DÖFINNI

GÖNGUFERÐIR FERÐAMÁLAFÉLAGS SKAFTÁRHREPPS SUMARIÐ 2010

1. september: Kvöldferð: Með Brúnum; Hunkubakkar-Klaustur Fararstjórn: Björgvin Harðarson og Björk Ingimundardóttir
Mæting við Hunkubakka kl. 19 (Skaftárskála kl. 18:50)

Samkór Mýrdælinga er að hefja vetrarstarfið að nýju og verður fyrsta æfingin miðvikudaginn 1. sept. í Víkurkirkju.

Fyrsti fundur í vetrarstarfi Kvenfélags Hvamshrepps verður haldinn á Halldórskafti þriðjud. 7. september n.k. kl. 19.00.

Guðsþjónusta verður í Víkurkirkju nk. sunnudag, 5. september kl. 14:00.

Helgistund verður á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hjallatúni í Vík nk. sunnudag, 5. september kl. 15:00.

Víkurkirkja í Mýrdal



Guðsþjónusta verður í Víkurkirkju nk. sunnudag, 5. september kl. 14:00.

Samkór Mýrdælinga syngur undir stjórn Kára Gestssonar organista.

Hjallatún í Vík

Helgistund verður á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hjallatúni í Vík nk. sunnudag, 5. september kl. 15:00.

Félagar úr Samkór Mýrdælinga leiða söng undir stjórn Kára Gestssonar organista.

Sóknarprestur

Orðsending frá Vitanum/Fréttabúa:

Óskum eftir myndum af nýfæddum börnum, nýstúdentum og af skemmtilegum atburðum í sýslunni.

Nýkomin er út

harmonikkudiskur harmonikkufélags Rangæinga, sem ber heitið "Í morgunsól minninganna" Á disknum er 16 lög, þar af 4 lög eftir Sigrúnu Bjarnadóttur, sem féll frá langt fyrir aldur fram.

Í formála segir:

"Með þessari útgáfu viljum við minnst sólskinsstundanna er við áttum með nú látnum spilafélögum, þeim Vigfúsi Sigurðssyni og Sigrúnu Bjarnadóttur, er spiluðu ásamt okkur nokkur af lögum hljómdiskins.

Einnig geymir hann fjögur af fallegum lögum Sigrúnar er ómuðu ósjaldan í rómuðu morgunspili á félagamótum um land allt."

Upptökur og hljóðblöndum var í höndum Tryggva Sveinbjörnssonar.

Diskurinn: Í morgunsól minninganna, fæst m.a í Víkurþjóni í Vík.

FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS

464. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn föstudaginn 27. ágúst 2010 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu.

Oddviti setur fundinn.

Gerðir fundarins: Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 172. fundar Skipulags- og bygginganefndar frá 17. ágúst 2010.

1) Umsókn Vodafone um byggingu fjarskiptamasturs í Dyrhólaey. Sveitarstjóri staðfestir afgreiðslu skipulags- og bygginganefndar.

2) Umsókn Víkverja um uppsetningu auglýsingaskiltis á lóð sveitarinnar að Smiðjuvegi 15. Sveitarstjóri staðfestir afgreiðslu skipulags- og bygginganefndar. Sveitarstjóri felur sveitarstjóra að vinna að stefnumótun á staðsetningu auglýsingaskilta í sveitarfélaginu

3) Umsókn Skógræktarfélags Reykjavíkur um endurbyggingu vegar um Fellsmörk. Sveitarstjóri staðfestir afgreiðslu skipulags- og bygginganefndar.

4) Umsókn um byggingu bílskúrs við Austurveg 11A. Sveitarstjóri staðfestir afgreiðslu skipulags og bygginganefndar. Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð 168. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps frá 18. ágúst 2010. Fundargerðin samþykkt samhljóða

II. Innsend erindi til afgreiðslu. 1. Skemmdir á húseigninni Bakkabraut 7 í Vík. Við gatnagerðarframkvæmdir á Bakkabraut haustið 2008 telja húseigendur að skemmdir hafi orðið á húseigninni Bakkabraut 7. Húseigendur og tryggingafélag sveitarfélagsins, Sjóvá náðu ekki

samkomulagi um hvert raunverulegt tjón hefði orðið á húseigninni, en komu sér saman um að óska eftir því við Hjalta Sigmundsson byggingatæknifræðing að hann tæki að sér að meta hugsanlegar afleiðingar tjóns á fasteigninni. Skýrsla Hjalta liggur fyrir á fundinum. Börn húseigenda óska með bréfi eftir aðkomu sveitarfélagsins að þessu ágreiningsmáli.

Sveitarstjóri leggur áherslu á að það er tryggingafélagsins að bæta það tjón sem orðið hefur á fasteigninni, en fellst á að funda um málið með bréfriturum.

2. Varaafsstöð vegna Kötflugoss. Einar Bárðarson óskar eftir að tekið verði fyrir í sveitarstjórn hugmynd um kaup á 500 kW varaafsstöð í samræði við Almannavarnir á svæðinu. Ætlaður kostnaður 1,5 milljónir fyrir utan Vsk. Sveitarstjóri felur sveitarstjóra að leita til Rarik og Almannavarna um þátttöku í að koma upp varaafsstöð utan skilgreinds hættusvæðis í sveitarfélaginu.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Prókúruumboð. Sveitarstjóri samþykkir og undirritar prókúruumboð til handa Ásgeiri Magnússyni sveitarstjóra og fellir jafnframt niður prókúruumboð Sveins Pálssonar fyrrverandi sveitarstjóra.

2. Breytingar á nefndarskipan

1. Fræðslunefnd: Í stað Auðar Hansen verður Ólafur Steinar Björnsson fulltrúi í fræðslunefnd og í hans stað sem varamaður komi Vilborg Smáradóttir.

2. Menningarmálanefnd: Í stað Arnar Orra Ingvasonar varamanns verður Þorgerður Hlín Gísladóttir varafulltrúi í menningarmálanefnd.

3. Flutningur málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Fyrir fundinum lágu drög að samkomulagi sveitarfélaga á Suðurlandi um „Sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða“

Sveitarstjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd Mýrdalshrepps á aðalfundi SASS 14. sept. n.k.

4. Bréf frá Úrvinnslusjóði um meðhöndlun ökutækja til úrvinnslu. Ekki er til staða aðstaða til að tæma olíu af ónýtum ökutækjum. Sveitarstjóra falið að svara Úrvinnslusjóði og gera grein fyrir óbreyttu ástandi enn um sinn.

5. Bréf frá Skipulagsstofnun vegna deiliskipulags Túnasvæðis. Í bréfinu er bent á að auglýsa þarf deiliskipulagstillöguna að nýju þegar endurskoðun aðalskipulagsins hefur verið staðfest af umhverfisáðherra.

6. Bréf frá Skipulagsstofnun vegna deiliskipulags þjónustusvæðis við Sólheimajökul. Í bréfinu er bent á að auglýsa þarf deiliskipulagstillöguna að nýju þegar endurskoðun aðalskipulagsins hefur verið staðfest af umhverfisáðherra.

7. Bréf Umhverfisstofnunar vegna meðhöndlunar úrgangs í Mýrdalshreppi. Kvartað er undan því að urðunarsvæðið við Uxafótarlæk sé enn ógirt og að umgengni um svæðið sé ábótavant. Sveitarstjórn samþykkir að girðing svæðisins verði á næstu fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og felur sveitarstjóra að taka málið til skoðunar og svara bréfitara.

8. Coast Adapt fundur í Vík 31. ágúst og 1. september. Lagt fram til kynningar.

9. Eldgos í Eyjafjallajökli staða mála.

1. Fundargerð um stöðu mála vegna eldgoss í Eyjafjallajökli.

2. Drög að samantekt um stöðu verkefna og tillögur um aðgerðir vegna eldgosanna. Hvor tveggja lagt fram til kynningar. Bodað hefur verið til samráðsfundar með ráðuneytisstjórum þeirra ráðuneyta sem að málinu hafa komið þann 3. september n.k. kl. 13.00 oddviti og sveitarstjóri munu

sækja þann fund.

10. Samband íslenskra sveitarfélaga boðun á landsþing. Lagt fram til kynningar. Fulltrúar sveitarfélagsins munu sækja þingið.

11. Samband íslenskra sveitarfélaga, námskeið um lýðræði í sveitarfélögum. Lagt fram til kynningar

12. Skipun fulltrúa í undirbúningshóp um stofnun Geopark. Sveitarstjórn samþykkir að Sigurður Elías Guðmundsson og Sif Hauksdóttir verði fulltrúar Mýrdalshrepps í undirbúningshópnum ásamt sveitarstjóra.

13. Laun fyrir störf í sveitarstjórn og nefndum á vegum sveitarfélagsins. Kynnt var samantekt á launum sveitarstjórnarmanna í nokkrum sveitarfélögum af svipaðri stærð og Mýrdalshreppur.

Samþykkt að laun sveitarstjórnarmanna og laun fyrir nefndarstörf á yfirstandandi kjörtímabili verði þannig: Laun oddvita verði 14% af þingfararkaupi og laun annarra sveitarstjórnarmanna verði 7% af þingfararkaupi á mánuði, fyrir hvern fund fái formenn nefnda 10.000 krónur fyrir hvern fund og aðrir nefndarmenn fái kr. 6.000 fyrir fund.

14. SASS boðun á ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar. Mýrdalshreppur á þrjá fulltrúa á þinginu og munu þeir ásamt sveitarstjóra sitja ársþingið.

15. Ársfundur slökkviliðsstjóra á Íslandi. Sveitarfélögin á því svæði þar sem þingið er haldið hafa ávalt komið að þessum fundi með því að bjóða til hátíðarkvöldverðar og rútuferðar um svæðið. Fundurinn og kvöldverðurinn verða haldnir hérna í Vík að þessu sinni. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í þessum ársfundi með sveitarfélögunum á svæðinu.

16. Búnaðarsamband Suðurlands vegna búfjárefirlits. Búnaðarsambandið hefur samþykkt ósk Mýrdalshrepps um að taka að sér búfjárefirlit í Mýrdalshreppi. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningum um þessa þjónustu.

17. Erindisbréf nefnda

1. Atvinnumálanefnd

2. Skólanefndar

3. Skiplags og bygginganefnd

4. Umhverfis og náttúruverndarnefnd

5. Menningarmálanefnd

6. Æskulýðs og tómstundanefnd

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra gera drög að erindisbréfi fyrir landbúnaðarnefnd og að fara yfir og endurskoða erindisbréfin og leggja fram í viðkomandi nefndum áður en þau verði svo tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn.

IV. Fundargerðir til kynningar:

18. Fundargerð 1. fundar félagamálanefndar 27. júlí 2010.

19. Fundargerð 435. fundar stjórnar SASS frá 13. ágúst 2010.

20. Fundargerð Almannavarnarnefndar frá 13. ágúst 2010.

21. Fundargerð 294 fundar APS frá 16. ágúst 2010.

22. Fundargerð 122. fundar Skólaskrifstofu Suðurlands, dags. 17. ágúst 2010.

V. Annað kynningarefni

23. Varnarlína á Mýrdalssandi, send bréf til aðila máls.

24. Skipulags og byggingarmál, sent bréf til stjórnar byggðarsamlags um byggingar og skipulagsmál í Rangárþingi.

1. Svar við erindinu frá Rangárþingi eystra.

25. Bréf frá Skaftárhreppi um samstarf um greiningu á rekstri dvalar- og hjúkrunarheimila á Kirkjubæjarklaustri,

Vík og Hvolsvelli.

26. Endurskoðun regluverks Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

27. Bréf til upplýsinga frá Launanefnd sveitarfélaga.

28. Greinargerð með hættumatskorti .

29. Heimsókn norrænna blaðamanna 16. september.

30. Fundargerð frá fundi hjá Vegagerðinni vegna girðinga meðfram vegum í Dyrhólaey.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að uppbyggingu í Dyrhólaey verði hraðað eins og kostur er í samvinnu landeigenda, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar. Sveitarstjórnin samþykkir að skipaður verði þriggja manna vinnuhópur sem fái það hlutverk að koma vinnu við uppbyggingu eyjarinnar af stað. Í vinnuhópnum verði sveitarstjóri, Elías Guðmundsson og Einar Bárðarson.

Fundi slitið kl. 18.29

Elín Einarsdóttir, oddviti, Ingi Már Björnsson, Sigurður Elías Guðmundsson, varaoddviti, Þorgerður Hlín Gísladóttir, Einar Bárðarson.

Höfuðdagur

Höfuðdagurinn er samkvæmt gildandi tímatali 29. ágúst.

Sú þjóðtrú hefur lifað lengi að veður breytist á höfuðdag og haldist þannig næstu þrjár vikur. Árið 1700 var tímatali breytt. Þá fluttist „gamli“ höfuðdagurinn yfir á 9. september og trúðu ýmsir á veðrabreytingar þann dag. Nú er dagurinn ávallt tengdur 29. ágúst.

Trúnni á höfuðdaginn fylgdi bæði von og ótti. Mikilvægt þótti að hafa lokið heyskap fyrir höfuðdag ef tíð var góð en einnig lifðu margir í þeirri von að úr rættist við höfuðdag ef sumarið hafði verið vætusamt.

Úr Wikipedia, frjálsa alfræðiritinu